

## Lykilupplýsingar fyrir fjárfesta

Í þessu skjali er að finna lykilupplýsingar fyrir fjárfesta um þennan sjóð. Ekki er um að ræða auglýsingarefni. Áskilið er með lögum að þessar upplýsingar séu birtar til að auðvelda fjárfestum að skilja eðli fjárfestinga í sjóðnum og þá áhættu sem fylgir þeim. Þér er ráðlagt að lesa upplýsingarnar svo að þú getir tekið upplýsta ákvörðun um hvort þú eigir að fjárfesta.

# GQG Partners Global Equity Fund („sjóðurinn“)

sjóðsdeild GQG Global UCITS ICAV („ICAV-sjóðurinn“); rekstrarfélag: Bridge Fund Management Limited.

## EUR-safnflokkur A (IE00BH481053)

## MARKMIÐ OG FJÁRFESTINGARSTEFNA

Fjárfestingarmarkmið sjóðsins er langtímahækkun eigna.

Sjóðurinn kann að fjárfesta í hlutabréfum og hlutabréfatengdum verðbréfum fyrirtækja með hvaða markaðsvirði sem er og í hvaða atvinnugrein sem er hvar sem er í heiminum, þ.á.m., án þess að tæmandi sé talið, í nýmarkaðsríkjum og Bandaríkjunum. Á meðal þeirra hlutabréfatengdu verðbréfa sem sjóðurinn fjárfestir í eru heimildarskrifteini, sem eru skifteini sem eru jafnan gefin út af banka eða eignauskýslufélagi og standa fyrir eignarhald í verðbréfum fyrirtækja sem eru ekki bandarísk. Sjóðurinn mun að jafnaði eiga milli 40 og 60 fjárfestingar og er ekki gert ráð fyrir því að nein einstök eign í eignasafninu nemi meira en 7% af virði þess.

Sjóðurinn mun útiloka fjárfestingar í félögum sem hafa meira en 25% tekna sinna af tóbaki. Að auki verður ekki fjárfest í félögum sem tengjast framleiðslu á umdeildum vopnum svo sem jarðsprengjum, klasasprengjum, snauðu úrani og lífefna- eða efnavopnum (þ.e. félögum sem ekki eru samþykkt í vísitöluna MSCI ex-Controversial Weapons Index).

Sjóðurinn kann að nota eftirfarandi afleidda fjármálageninga í fjárfestingarskyni: þáttökugeringa (án innbyggðrar vogunar) og/eða kauprétti með lágan nýtingarrétt (e. LEPOs) til að fá aðgang að verðbréfum sem væru annars óaðgengileg.

Á meðal fjárfestinga hans kunna einnig að verða verðbréf sem eru skráð á rússneskan markað (allt að 30% af innra virði sjóðsins) og kínversk A-hlutabréf (e. China A Shares) sem keypt eru gegnum Stock Connect. Eftir þörfum kann sjóðurinn einnig að fjárfesta allt að 10% af innra virði sínu í öðrum UCITS-sjóðum og kauphallarsjóðum.

Í safnflokkum er öllum tekjum eða hagnaði sjóðsins (að frátöldum kostnaði) safnað saman til endurfjárfestingar í innra virði sjóðsins. Í útgreiðsluflokkum eru allar tekjur að frátöldum kostnaði greiddar út í samræmi við útgreiðslustefnuna í lýsingunni.

Heildarupplýsingar um fjárfestingarmarkmið og -stefnu er að finna í köflunum „Fjárfestingarmarkmið“ (Investment Objective) og „Fjárfestingarstefna“ (Investment

Policies) í viðaukanum við lýsingu sjóðsins.

Fjárfestar geta keypt eða selt hlutdeildarskrifteini á öllum dögum sem bankar eru opinir í Dublin og London.

**Ráðlegging:** Sjóðurinn hentar ekki fjárfestum sem er ekki kleift að viðhalda langtímafjárfestingu.

**Hlutabréf:** Verðbréf sem standa fyrir eignarhluta í fyrirtæki.

**Hlutabréfatengd verðbréf (e. equity-linked securities):** Verðbréf sem tengjast hlutabréfum svo sem heimildarskrifteini, þáttökugeringar og kaupréttir með lágan nýtingarrétt.

**Nýmarkaðsríki:** Öll lönd nema BNA, Kanada, Japan, Ástralía, Nýja-Sjáland og flest lönd í Vestur-Evrópu.

**Kaupréttur með lágan nýtingarrétt (e. Low Exercise Price Option eða LEPO):** Afleiddur fjármálageningur þar sem verðið fyrir að nýta sér valrétt til að kaupa/selja undirliggjandi eign er nálægt núlli.

**Afleiddur fjármálageningur:** Afleiðusamningur milli tveggja eða fleiri aðila þar sem virði samningsins veltur á hækkun og lækkun hlutfallslegs verðmætis/verðs undirliggjandi eignar.

**Innra virði:** Innra virði sjóðsins (e. net asset value).

## ÁHÆTTA OG ÁVÖXTUN

Minni áhætta

Meiri áhætta



Mögulega lægri ávöxtun

Mögulega hærri ávöxtun



Sjóðurinn er í flokki 5 vegna þess að verðflökt eigna hans hefur sögulega verið í meðallagi til mikið. Ofangreindur mælikvarði byggist að hluta til á hermigögnum og gefur því ekki endilega áreiðanlega vísendingu um áhættumynd sjóðsins til framtíðar. Tilgreindur áhættuflokkur er ekki tryggður og kann að breytast með tímanum. Lægsti flokkur merkir ekki að fjárfesting sé án áhættu.

Sjóðurinn er útsettur fyrir annarri áhættu sem ekki er tekið tillit til í áhættumælikvarðanum, þ.m.t., án þess að tæmandi sé talið:

**Nýmarkaðsáhætta:** Verðbréf á mörkuðum þróunarlanda eru útsett fyrir meiri samfélagslegri, pólitískri, eftirlits- og gjaldeyrisáhættu en verðbréf á þróuðum mörkuðum. Í tilteknum löndum, svo sem Rússlandi og Kína, kann áhætta einnig að vera meiri vegna skorts á fjárfestavermi og vegna glæpastarfsemi og óskýrra skattareglna. Einnig er þar meiri hættu á að fé úr fjárfestingum sjóðsins lúti stjórnvaldshöftum á greiðslur utan lands útgefandans. Þessir þættir kunna að hafa áhrif á seljanleika og virði slíkra verðbréfa og þar af leiðandi virði sjóðsins.

**Lausfjárahætta:** Sjóðurinn kann að eiga í erfiðleikum með að kaupa eða selja tiltekin verðbréf nógu auðveldlega, sem kann að hafa fjárhagsleg áhrif á hann.

**Gjaldeyrisáhætta:** Breytingar á gengi gjaldmiðla geta minnkað eða aukið virði eigna sjóðsins sem skráðar eru í öðrum gjaldmiðlum en Bandaríkjadöllum.

**Gjaldeyrisáhætta flokka:** (Gengisvarðir flokkar) Ekki er vist að gengisvarmir dugi til að milda áhrif gengissveiflna á flokka í öðrum gjaldmiðlum en Bandaríkjadöllum. (Ógengisvarðir flokkar) Gengisbreytingar milli gjaldmiðils flokksins og Bandaríkjadals kunna að hafa áhrif á afkomu ógengisvarinna flokka.

**Hlutabréfaáhætta og áhætta tengd hlutabréfatengdum verðbréfum:** Virði hlutabréfa og verðbréfa sem byggja á þeim er háð breytingum á fjárhagsstöðu

útgefanda (eða tengds fyrirtækis sé um að ræða hlutabréfatengd verðbréf) og almennum markaðs- og efnahagsaðstæðum, sem og mati markaðsaðila.

**Fjárfestingarstýringaráhætta:** Ekki er vist að sjóðurinn nái fjárfestingarmarkmiði sínu. Missir eins eða fleiri starfsmanna rekstrarfélagsins gæti dregið úr getu sjóðsins til að ná fjárfestingarmarkmiðum sínum.

**Flöktáhætta:** Verð fjárfestinga sjóðsins eru sveiflukennd og verða fyrir áhrifum af mörgum þáttum, þ.á.m. breytilegu sambandi framboðs og eftirspurnar, vaxta- og gengisflökti, alþjóðlegum atburðum og stefnumiðum og aðgerðum stjórnvalda í tengslum við efnahagsmál, gjaldeyrishöft, viðskipti, peningastefnu, hernað og önnur mál.

**Áhætta vegna afleiddra fjármálageninga og skuldsetningaráhætta:** Virði afleiddra fjármálageninga getur sveiflast hratt og skuldsetning sem er innbyggð í afleiddan fjármálagening getur valdið meira tapi en sem nemur fjárhæðinni sem er upphaflega greidd fyrir viðkomandi afleiddan fjármálagening.

**Rekstraráhætta:** Mannleg mistök, kerfis- og/eða vinnslubilanir og ófullnægjandi vinnuferlar eða eftirlit geta leitt til taps fyrir sjóðinn.

Þetta er ekki tæmandi upptalning á áhættuþáttum. Lestu kaflann „Fjárfestingaráhætta og þættir sem taka þarf sérstakt tillit til“ (Investment Risks and Special Considerations) í lýsingunni og viðaukanum.

## GJÖLD ÞESSA SJÓÐS

Gjöldin eru innheimt til að standa straum af rekstrarkostnaði viðkomandi hlutdeildarflokks, þ.m.t. kostnaði við markaðssetningu og útgreiðslur. Þessi gjöld skerða ávöxtun fjárfestingar þinnar.

Einskiptisgjöld innheimt fyrir eða eftir fjárfestingu	
Gjald við kaup	5,00%
Gjald við sölu	Ekkert
Ofangreind gjöld eru hámarksgjöld sem gætu verið dregin af fé þínu áður en fjárfest er og áður en afrakstur af fjárfestingu þinni er greiddur út.	
Gjöld sem eru dregin af hlutdeildarflokknum á ársgrundvelli	
Viðvarandi gjöld	1,35%
Gjöld sem eru dregin af sjóðnum við tiltekna aðstæður	
Árangurstengd þóknun	Engin

Gjöld vegna kaupa og sölu eru hámarkstölur og í sumum tilfellum eru gjöldin lægri. Hafðu samband við fjármálaráðgjafa þinn til að fá nákvæmar upplýsingar um gjöld.

Viðvarandi gjöld fyrir EUR-safnflokkur A byggjast á áætluðum útgjöldum ársins sem lauk desember 2020 og taka mið af nýlegri lækkingu gjaldsins fyrir flokkinn.

Þar sem þessi hlutabréfaflokkur er nýstofnaður miðast viðvarandi gjöld við áætluð útgjöld á fyrsta starfsári hans.

Í ársskýrslu sjóðsins fyrir hvert fjárhagsár verða nákvæmar upplýsingar um innheimt gjöld. Fjárhæð innheimtra gjalda getur verið breytileg milli ára. Undanskildar eru árangurstengdar þóknarir og viðskiptakostnaður eignasafns fyrir utan gjöld vegna kaupa og sölu vegna fjárfestinga í öðrum fjárfestingarsjóðum (þar sem við á).

Nánari upplýsingar um þóknarir og kostnað er að finna í kaflanum „Þóknarir og kostnaður“ (Fees and Expenses) í lýsingu ICAV-sjóðsins, sem finna má á vefsíðunni [www.gqgpartners.com](http://www.gqgpartners.com) eða fá hjá Northern Trust International Fund Administration Services (Ireland) Limited („umsjónaraðilanum“).

## FYRRI ÁVÖXTUN

Á dagsetningu þessa skjals liggja ekki fyrir nægar upplýsingar til að gefa fjárfestum glögga mynd af fyrri ávöxtun.

Ávöxtun í fortíð er hvorki visbending um né trygging fyrir ávöxtun í framtíð.

Í þeim upplýsingum um fyrri ávöxtun sem hér verða sýndar verður tekið mið af öllum gjöldum og kostnaði.

Ávöxtun verður reiknuð í gjaldmiðli viðkomandi hlutdeildarflokks. Sjóðurinn fékk starfsheimild 3. desember 2018 og þessi hlutdeildarflokkur hefur enn ekki verið stofnaður.

Sjóðurinn er í virkri stýringu og er ekki stýrt með hliðsjón af viðmiði. Hins vegar notast sjóðurinn við MSCI All Country World (Net) Index vísitöluna, Bloomberg auðkenni M1WD, til samanburðar á ávöxtun.

## HAGNÝTAR UPPLÝSINGAR

**Vörslufyrirtæki:** Northern Trust Fiduciary Services (Ireland) Limited.

**Rekstrarfélag:** GQG Partners LLC.

**Nánari upplýsingar:** Nánari upplýsingar um sjóðinn (þ.m.t. lýsing hans, viðauki hennar og nýjasti ársreikningur ICAV-sjóðsins í heild) auk upplýsinga um aðra hlutdeildarflokka sjóðsins og aðrar sjóðsdeildir ICAV-sjóðsins eru fáanlegar á [www.gqgpartners.com](http://www.gqgpartners.com), frá umsjónaraðilanum eða frá rekstrarfélaginu á ensku án endurgjalds.

**Gengi hlutdeildarskrifteina:** Gildandi gengi má finna á [www.bloomberg.com](http://www.bloomberg.com).

**Yfirsjóður:** Sjóðurinn er sjóðsdeild ICAV-sjóðsins, sem er ICAV-yfirsjóður stofnaður samkvæmt írskum lögum með aðskilda ábyrgð milli sjóðsdeilda. Þetta merkir að eignir og skuldir hverrar sjóðsdeilda eru aðskildar samkvæmt lögum og ekki er hægt að nota þær til að greiða skuldir annarra sjóðsdeilda ICAV-sjóðsins.

**Starfskjarastefna:** Upplýsingar um starfskjarastefnu rekstrarfélagsins, þ.m.t. alla þætti sem lög og reglur kveða á um, er að finna á [www.bridgeconsulting.ie/management-company-services/](http://www.bridgeconsulting.ie/management-company-services/), auk þess sem pappírseintak er fáanlegt án endurgjalds samkvæmt beiðni.

**Skattalöggjöf:** Um sjóðinn gilda írsk skattalög, sem kann að hafa áhrif á skattstöðu þína sem fjárfestis í sjóðnum. Fjárfestar ættu að ráðfæra sig við eigin skattaráðgjafa áður en þeir fjárfesta í sjóðnum.

**Skipti á hlutdeildarskrifteinum:** Skipta má hlutdeildarskrifteinum í sjóðnum út fyrir hlutdeildarskrifteini í öðrum flokki sjóðsins eða hlutdeildarskrifteini í öðrum sjóði ICAV-sjóðsins (ef einhver eru) að uppfylltum ákveðnum skilyrðum og kröfum í tengslum við fjárfestingar í slíkum öðrum flokkum eða sjóðum. Nánari upplýsingar er að finna í kaflanum „Breyting hlutdeildarskrifteina“ (Conversion of Shares) í lýsingu ICAV-sjóðsins.

**Yfirlýsing um ábyrgð:** ICAV-sjóðurinn verður aðeins gerður ábyrgur á grundvelli yfirlýsinga í skjali þessu sem eru villandi, rangar eða ekki í samræmi við viðkomandi hluta lýsingar sjóðsins og viðauka hennar.

ICAV-sjóðurinn og sjóðurinn hafa starfsleyfi á Írlandi og lúta eftirliti Seðlabanka Írlands. Bridge Fund Management Limited hefur starfsleyfi á Írlandi og lýtur eftirliti Seðlabanka Írlands.

Þessar lykilupplýsingar fyrir fjárfesta eru réttar hinn 3. september 2021.